



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Sjálfsmat skólaárið 2008 – 2009



Skýrsla sjálfsmatshóps

Umsjón: Dr. Unnar Örn Þorsteinsson

Efnisyfirlit

	bls
Matsyfirlit	3
Aðgerðaráætlun	6
Inngangur	10
Aðferð við mat	12
Próun matstækja	14
Val þátttakenda.....	16
Gagnasöfnun	17
Greining gagna	19
Útkoma	20
Kennara/áfangamat.....	20
Opin spurning í áfangamatinu	20
Endurmenntun og starfsþjálfun	20
Nám og vinna	21
Skýrslur deilda.....	21
Hlýtt á nemendur	22
Útskriftarnemar, vorið 2009	22
Bókasafn	22
Fjarnám	22
Hlýtt á kennara	22
Niðurstöður/umræða.....	23
Lokaorð og ábendingar.....	27
Heimildir.....	28
Viðauki (sjá hefti með viðaukum).....	
Viðauki 1 Kennaramat/Áfangamat.....	
Viðauki 2 Endurmenntun og starfsþjálfun – sérstakt verkefni	
Viðauki 3 Nám og vinna – sérstakt verkefni	
Viðauki 4 Skýrsla samfélagssviðs 2008-2009	
Viðauki 5 Skýrsla málasviðs 2008-2009.....	
Viðauki 6 Skýrsla raungreinasviðs 2008-2009	
Viðauki 7 Dreifing einkunna.....	
Viðauki 8 Skammtíma sjálfsmatsáætlun.....	
Viðauki 9 Langtíma sjálfsmatsáætlun.....	
Viðauki 10 Hlýtt á nemendur	
Viðauki 11 Útskriftarnemar vorið 2009	
Viðauki 12 Bókasafn – sérstakt verkefni.....	
Viðauki 13 Fjarnám – sérstakt verkefni	
Viðauki 14 Hlýtt á kennara – sérstakt verkefni	

Matsyfirlit/helstu niðurstöður/útkoma

Helstu niðurstöður úr sjálfsmati við Flensborgarskólann í Hafnarfirði skólaárið 2008 – 2009 eru eftirfarandi

Samantekt um kennara	Fimmur	Fjarkar	Pristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Þetta var góður áfangi.	326	506	247	81	41	0	1201	3,82	1,01
Leseefni áfangans reyndi á mig.	250	572	241	95	43	0	1201	3,74	0,99
Ég skrópaði meira í þessum áfanga en öðrum.	48	89	236	188	628	0	1189	1,94	1,18
Ég lagði meira á mig í þessum áfanga en öðrum.	100	339	553	145	60	0	1197	3,22	0,94
Ég fékk reglulega vitnisburð um námslega stöðu mína í áfanganum.	153	455	376	157	57	0	1198	3,40	1,02
Kennarinn var tilbúinn að breyta áætlun til að koma til móts við þarfir nemenda.	294	481	288	85	47	0	1195	3,74	1,03
Það var auðvelt að skilja aðalresefni áfangans.	258	478	268	119	68	0	1191	3,62	1,10
Verkefni hjálpuðu mér að skilja námsefnið betur.	266	569	233	88	34	0	1190	3,79	0,96
Námsefni áfangans var of erfitt fyrir mig.	68	171	403	363	185	0	1190	2,64	1,08
Markmið áfangans voru vel útskýrð.	219	579	269	92	30	0	1189	3,72	0,93
Námsefnið féll vel að markmiðum áfangans.	223	602	312	38	14	0	1189	3,82	0,81
Nemendur fengu tækifæri til þess að spyrja spurninga.	545	509	82	36	19	0	1191	4,28	0,84
Kennarinn nýtti kennslustundirnar vel.	485	477	147	45	34	0	1188	4,12	0,96
Mér fannst auðvelt að spyrja spurninga í þessum tímum.	408	463	207	66	45	0	1189	3,94	1,04
Það var nauðsynlegt að mæta í tíma til að ná góðum tókum á námsefninu.	351	530	208	76	24	0	1189	3,93	0,95
Ég bjó mig vel undir tíma í þessum áfanga.	106	369	474	163	78	0	1190	3,22	1,01
Kennarinn fylgdi kennsluáætlun vel eftir.	308	641	198	28	11	0	1186	4,01	0,78
Þessi kennari var framúrskarandi.	403	431	234	54	62	0	1184	3,89	1,09
Samtals	4811	8261	4976	1919	1480	0		3,60	

Hvað líkaði þér best við þennan áfanga?

- Kennarann (225/624)
- Námsfnið (245/624)
- Fagið (13/624)
- Námsmatið (17/624)
- Annað (124/624)

Hvað líkaði þér verst við þennan áfanga?

- Kennarann (31/577)
- Námsfnið (202/577)
- Fagið (10/577)
- Aðra nemendur (24/577)
- Álag (49/577)
- Ekkert (99/577)
- Stofan (16/577)
- Annað (146/577)

Hvernig heldur þú að það sé hægt að bæta þennan áfanga?

- Kennarinn (33/492)
- Námsfnið (201/492)
- Veit ekki (80/492)
- Áfanginn er góður (44/492)
- Álag (14/492)
- Annað (120/492)

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?

- Kennarinn (44/360)
- Námsfnið (45/360)
- Nei (197/360)
- Álag (5/360)
- Annað (69/360)

Endurmenntun og þjálfun starfsmanna (EPS).

- Náms starfsmanna nýtist vel í starfi (95%)
- Yfirmenn hvetja starfsmenn til EPS (34%)

EPS sem skiptir mestu máli fyrir starfsmenn.

- Framsetning á kennslu efni (57%)
- Hugbúnaður til kennslu (49%)
- Fagtegt (kennslugrein þín) (76%)
- Námskrágerð (46%)
- Notkun námsnets (22%)

EPS sem skiptir mestu máli fyrir skólann í náinni framtíð.

- Framsetning á kennslu efni (47%).
- Hugbúnaður til kennslu (47%).
- Kennsluhættir (47%).
- Námskrágerð (64%).
- Notkun námsnets (42%).

Vinna með skóla.

- Fimmtíu og sjö prósent þátttakenda vinna með námi.
- Áttatíu prósent þátttakenda reikna með að fá sumarvinnu.
- Tuttugu og sjö prósent þátttakenda ætla í sumarskóla.

Bókasafnið.

- Mat þátttakenda er að lesaðstaða bókasafnsins er svo til eins og annarra safna (58%)
- Sjötíu og fimm prósent þátttakenda er ánægður með þjónustu safnsins.
- Nítíu prósent þátttakenda munu nota safnið á næstu 6 mánuðum.

Fjarnám.

- Þátttakendur eru almennt ánægðir með námið (82%).
- Þátttakendur leggja sig fram við námið (94%).
- Þátttakendum finnst almennt að þeir hafi bætt sig námslega (71%).

Útskriftarnemar.

- Eru ánægðir með þá menntun sem þeir fá.
- Eru ánægðir með aðstöðu til náms.
- Fimmtíu og átta prósent útskriftarnema hyggja á háskólanám næsta haust.

Hlýtt á nemendur.

- Nemendur vilja símat og sleppikerfi.
- Nemendur gagnrýna umgengni í Hamarssal.
- Það er slæmt að vera með tvo samliggjandi tíma í töflu.

Hlýtt á kennara.

- Sleppikerfið gefur góða raun.
- Það má endurskoða stokkatöfluna.
- Það gefur slæma raun að vera með tvo samliggjandi tíma í töflu.

Skýrslur deilda.

- Félagsfræðikennarar eru ánægðir með kennslustofuna sína.
- Kennarar í viðskipta- og hagfræðideild vilja skipta frumkvöðlafræðinni upp í tvo áfanga.
- Kennarar á íþróttafrekssviðinu hafa mikil samskipti við íþróttafélögin í bæjarfélaginu.
- Námskrárvinna virðist vera komin vel af stað innan deildarinnar.
- Kennarar í efnafræði er ánægðir með kennslustofuna sína.
- Kennarar á náttúrufræðibraut eru ánægðir með að reynt sé að halda nemendum á brautinni sér.
- Kennarar á náttúrufræðibraut kvarta yfir tölvunotkun nemenda.
- Stærðfræðikennarar telja mikilvægt að nemendur hafi möguleika á að taka alla áfangana í stærðfræði.
- Kennarar á náttúrufræðibraut lýsa óánægju með samliggjandi tvöfalda tíma.
- Huga þarf að heildarendurskoðun á tilgangi og markmiðum áfanga í tölvugreinum.
- Kennarar í dönsku fóru í námsferð til Danmerkur.
- Kennarar í dönsku og spænsku hafa gert tilraunir með ferilmöppur í námsmati.

- Auka þarf samræmingu í sleppikerfinu.
- Tungumálakennarar eru óánægðir með tvöfalda tímann.

Aðgerðaáætlun

Líkt og undanfarin ár var útkomu úr kennaramati síðasta skólaárs komið til viðkomandi kennara eins fljótt og mögulegt var. Útkoma úr kennaramatinu ber ekki með sér að grípa þurfi til sérstakra aðgerða. Aftur á móti er rétt að kennarar athugi val á námsefni. Ekki er búið að skrá sögu beinagrindar skólans eða koma plöntu og skeljasafni hans betur fyrir. Breytingum á Miðhúsi er lokið. Kennarar sóttu námskeið um mismunandi leiðir í námsmáti en Háskóli Íslands var með slíkt námskeið haustið 2008. Ráðinn var „tengiliður“ eða starfsmanna- og viðburðastjóri sem sér um móttöku nýrra starfsmanna og aðstoðar þá við að aðlagast þeirri starfsmannamenningu sem er í Flensborg. Tækjabúnaður og hirslur í kennslustofum kennara í viðskiptagreinum hafa verið bættar. Unnið er að lengingu sérsviðs upplýsinga- og fjölmiðlabrautar. Reynt hefur verið að sporna við lélegri mætingu og slakri ástundun nemenda með því að bjóða upp á sérstaka áfanga í heimanámi. Kennarar í dönsku halda áfram samskiptum við Frederiksberg gymnasium. Í kennsluáætlunum reyna kennarar að dreifa vinnuálagi jafnt yfir önnina. Ekki var kvartað yfir kulda í matsalnum þessa önn. Útkoma úr forvarnaverkefni síðast liðin vetur var meðal annars kynnt félagsþjónustu Hafnarfjarðar. Tölvutengdum tækjum í raungreinum hefur verið komið í samband.

Útkomu kennaramatsins var komið í hendur viðkomandi kennara fljótlega eftir að hún var tilbúin. Skólameistari átti viðtöl við kennara í framhaldi af því. Það er mat sjálfsmatshópsins að útkoman úr kennaramatinu hafi í heild sinni verið jákvæð og ekki brýn ástæða til tafarlausra aðgerða. Hins vegar koma fram ábendingar í opnum spurningum matsins um hvað gangi vel, hvað gangi ekki eins vel, hvað megi bæta og aðrar upplýsingar. Í framhaldi af afhendingu gagna var lögð áhersla á að kennarar skoði útkomuna ítarlega og taki þær til umræðu og meti viðbrögð. Nokkuð áberandi voru ábendingar varðandi námsefnisval. Kennarar eru því hvattir til að huga vel að vali á námsefni fyrir næstu önn.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun starfsmanna (EPS) kom í ljós að 95% þátttakenda telja að nám þeirra nýtist vel í starfi, 95% segja að fyrri reynsla nýtist líka vel í starfi auk þess sem 92% þátttakenda segja að sú EPS, sem þeir hafi fengið, nýtist vel í starfi. Hins vegar kemur fram að 34% telja að yfirmenn hvetji þá til EPS. Tuttugu og sjö prósent kennara vita ekki hvar þeir geti sótt um styrki til EPS erlendis en meirihluti

kennara sækir námskeið á vegum fagfélaga viðkomandi, endurmenntunar HÍ eða annarra aðila. Sjötíu og eitt prósent þátttakenda svarar „hvorki né“ þegar þeir eru spurðir um ánægju með EPS innan skólans. Kennurum er bent á að sækjast eftir EPS sem tengist viðkomandi kennslugrein, framsetningu á kennsluefni, námskrárgerð, hugbúnaði til kennslu og kennsluháttum. Rétt er að reyna að draga fram með skýrari hætti hvernig og hvar mögulegt er að sækja um styrki til EPS erlendis.

Forvarnaverkefnið að þessu sinni snerist um atvinnuþátttöku og atvinnumöguleika nemenda sumarið 2009. Í ljós kom að 57% nemenda vinna með skólanum og að 57% nemenda vinna minna en 10 stundir í viku. Áttatíu prósent nemenda reikna með að fá vinnu sumarið 2009. Miðað við þessa útkomu virðist sem ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af atvinnumöguleikum nemenda við Flensborgarskólann í Hafnarfirði sumarið 2009.

Í bókasafnsverkefninu kom fram að 90% þátttakenda munu nota bókasafnið eitthvað á næstu 6 mánuðum. Sjötíu og fimm prósent þátttakenda eru ánægð með þjónustu bókasafnsins. Í samanburði við lesaðstöðu annarra bókasafna, þá er lesaðstaða bókasafns Flensborgarskólans svo til eins. Þátttakendur eru almennt ánægðir með tækjabúnað og aðra þætti svo sem viðmót starfsmanna, bókakost, reynslu af notkun safnsins, eftirlit, reglur, vinnufrið, lýsingu, umgengni, loftræstingu, tímarit og opnunartíma. Útkoman er kynnt fyrir starfsmönnum bókasafnsins og þeir meta til hvaða aðgerða beri að grípa.

Nemendur í fjarnámi lýsa ánægju sinni með námið og mæla í flestum tilvikum með slíku námi við kunningja sína. Flestir nemendur segjast tilbúnir að taka fleiri áfanga í fjarnámi. Nemendur segja að auðvelt sé að ná sambandi við kennarann og að kennarinn hvetji nemendur áfram í náminu. Það mætti hins vegar vera skýrar til hvers er ætlast af nemendum og upplýsingar um kerfis- og tölvubúnað mætti útfæra betur. Nemendur eru yfirhöfuð ánægð með tæknilega aðstoð í fjarnáminu. Lítil meirihluti nemenda (51%) segir að fjarnámið ýti undir frekari áhuga þeirra á náminu en flestir nemendur segjast hafa bætt sig námslega. Því er lagt til að kennarar í fjarnámi reyni að útskýra betur til hvers er ætlast af nemendum og að umsjónarmaður fjarnáms fari út í grunnskólana í þeim tilgangi að upplýsa nemendur betur um kerfis- og tölvubúnað.

Útskriftarnemendur vorið 2009 segjast sáttir við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs sem þeir njóta í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Almennt eru nemendur ánægðir með veru sína í skólanum (94%) og 58% nemenda hyggja á háskólanám haustið 2009.

Verkefnið Hlýtt á nemendur ber með sér að nemendur vilji símat og sleppikerfi. Auk þess vilja nemendur að annareinkunn sé ekki of lítill hluti af heildareinkunn. Nemendur vilja ekki dansleiki í Hamarssal og heimasíða nemendafélagsins mætti vera betri. Nemendur voru ánægðir með árshátíðina og vakningardaga. Aftur á mót gagnrýna þeir umgengni í Hamarssal. Nemendur kalla eftir góðu skipulagi og að tillitsemi og umburðarlyndi gangi jafnt yfir alla. Nemendur vilja miða námið við það nám sem þeir hyggjast stunda á háskólastigi. Nemendur segja að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar en að námsnetið megi nota með skipulegri hætti. Nemendur vilja gjarnan að skólinn sé opinn á kvöldin og þeir eru ekki hrifnir af tvöfalda tímanum. Því er lagt til að kennarar íhugi símat og sleppikerfi sem kosti í námsmati og að tvöfaldi tíminn verði lagður niður. Lagt er til að námskrárvinna taki mið af kröfum háskóla og hugað sé að því að hafa skólann lengur opinn fram eftir degi. Lagt er til að nemendur gangi betur um í Hamarssal og að nemendafélagið lagi hjá sér heimasíðu NFF.

Vinnufundurinn Hlýtt á kennara ber með sér að sleppikerfi virki ágætlega sem hluti af námsmati. Tilraun með tvo samliggjandi tíma virðist hins vegar vera misheppnuð. Ánægja er með heimanámið en stokkatöfluna þarf að endurskoða. Að öðru leyti var mikil vinna á þessum fundi lögð í að leggja drög að námskrárgerð sem á að vera tilbúin fyrir skólaárið 2011 til 2012. Því er lagt til að kennarar íhugi að nota sleppikerfi að einhverju leyti sem hluta af námsmati, tveir samliggjandi tímar verði ekki settir upp aftur, stokkataflan verði endurskoðuð og frekari vinna verði lögð í námskrárgerð.

Skýrslur deilda – Félagsfræðasvið. Félagsfræðikennarar eru sértaklega ánægðir með að hafa fengið aðlaðandi og nýuppgerða félagsfræðistofu með nýju heimskorti í haust. Kennarar í viðskipta- og hagfræðideild vilja skipta frumkvöðlafræðinni upp í tvo áfanga - fræðilegan áfanga sem undanfara fyrir seinni áfangann þar sem nemendur stofna og reka eigið nemendafyrirtæki. Kennarar á íþrótttaafrekssviðinu eiga mikil samskipti við íþróttafélögin í bæjarfélaginu auk þess sem kennarar á sviðinu fengu til sín gestafyrirlesara, Sigurð Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfara kvenna í knattspyrnu, sem

hélt vel sóttan fyrirlestur á haustönninni. Fjölmiðladeildin og viðskipta- og hagfræðideildin eru þegar búnar að skipuleggja og hrinda í framkvæmd ýmsum nýjum hugmyndum sem rúmast innan nýrrar námskrár sem á að vera tilbúin árið 2011. Lagt er til að viðskipta- og hagfræðideild skipti frumkvöðlafræðinni upp í tvo áfanga, kennarar á íþróttafrekssviðinu haldi áfram samvinnu við íþróttafélögin í bæjarfélaginu og námskrárvinna haldi áfram með sama hætti innan sviðsins.

Skýrslur deilda – Náttúrufræðasvið. Kennarar í efnafræði eru ánægðir með nýju verklegu stofuna fyrir utan loftræstikerfið. Ánægja er með að skipta nemendum upp í náttúrufræðibrautanemendur og aðra auk þess sem nemendur, sem lokið hafa NÁT 133, koma vel undirbúnir fyrir námið í efnafræði 103. Eðlisfræðikennari kvartar yfir miklu falli í eðlisfræði 103 og að það verði að kenna nemendum betri vinnumóral. Í stofu M302 voru gerðar nokkrar jákvæðar lagfæringar, m.a., var sett upp tilraunarymi með glerskápum. Kvartað er yfir tölvunotkun nemenda. Stærðfræðikennarar telja mikilvægt að nemendur hafi möguleika á að taka alla áfangana í stærðfræði. Óánægja kom fram með samliggjandi tvöfaldan tíma. Heimanámið virðist hjálpa nemendum mikið. Það er mikil breidd í nemendahópnum í stærðfræði 293 og þarf námið í raun að vera einstaklingsmiðað. Huga þarf að heildarendurskoðun á tilgangi og markmiðum áfanga í tölvugreinum.

Skýrslur deilda – Málasvið. Dönskukennarar fóru með hóp (DAN303) í námsferð til Kaupmannahafnar. Í dönsku og spænsku er ferilmappa hluti af námsmati og fleiri fög hafa hug á að bæta ferilmöppu inn sem hluta af námsmati. Í spænsku stendur til að gera tilraun með rafræna ferilmöppu í einum hóp. Fram kemur að það þurfi að auka samræmingu í sleppikerfinu. Tvöfaldi tíminn gengur illa. Lagt er til að kennarar í dönsku haldi áfram námsferðum til Danmerkur, að kennarar hugi vel að vali á námsefni, að frekari vinna verði lögð í ferilmöppu sem hluta af námsmati, að gerð verði tilraun til að auka samræmingu í sleppikerfinu og að tvöfaldi tíminn verði lagður niður.

Inngangur

Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði til að bæta námsumhverfi, líðan og árangur nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans. Auk þess segir í lögum um framhaldsskóla að þeir eigi að innleiða aðferðir til sjálfsmats sem á að ná til allra þátta skólastarfsins.

Kennara/áfangamatið byggist á hugmyndum Arreola um slíkt mat sem eru birtar í bókinni *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Að auki byggist sjálfsmat Flensborgarskólans í Hafnarfirði á grunnhugmyndum Kurt Lewine um „starfendarannsóknir” (Marrow 1969). Að öðru leyti ráða verkefni, sem liggja fyrir hverju sinni, hvaða rannsóknaraðferðum er beitt.

Frá haustinu 1998 hefur sérstakur stýrihópur haft umsjón með sjálfsmati skólans. Í fyrsta stýrihópnum sátu skólameistari, fulltrúi kennara, fulltrúi deildarstjóra, fulltrúi annarra starfsmanna skólans og tveir fulltrúar nemenda. Að auki vann aðstoðarskólameistari með hópnum.

Í stýrihópi haustannar 2008 voru Einar Birgir Steinþórsson skólameistari, Hrefna Geirsdóttir aðstoðarskólameistari, Unnar Örn Þorsteinsson kennari í ensku, Ragnheiður Kristjánsdóttir kennari í dönsku, Guðmunda Birgisdóttir kennari í sálfræði og Sigurbjörg Anna Guðnadóttir kennari í stærðfræði. Verksvið þessa hóps var að ákveða hvað ætti að meta, stjórna og skipuleggja verkefni, afla gagna, greina gögn og skrifa matsskýrslur. Unnar Örn Þorsteinsson stýrði vinnu sjálfsmatshópsins.

Sjálfsmatshópurinn valdi að vinna afmörkuð verkefni með hliðsjón af vinnu síðasta árs og óskum sem fram komu á skólaárinu. Samkvæmt sjálfsmatsáætlun var framkvæmt áfangamat á tungumálasviði skólans. Á vorönninni var sjálfsmatsáætlun fylgt frekar eftir og frekari gögnum safnað um tungumálasviðið. Áfangamatið fólst í því að nemendur voru fengnir til þess að svara spurningalista um viðhorf þeirra til kennslu og náms á tungumálasviði skólans. Reynt var að miða við fimm stiga kvarða (+ + 0 - -) og var skoðað hvorum megin við 0 svörin féllu; þau svör sem féllu mínus megin voru álitin veikleiki en þau svör sem féllu plús megin voru álitin styrkleiki (Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004). Á vorönninni var unnið verkefni um endurmenntun og þjálfun starfsmanna. Með forvarnaverkefninu var reynt að mæla atvinnuhorfur fyrir sumarið. Í bókasafnsverkefninu

var reynt að meta stöðu safnsins innan skólans. Verkefnið Hlýtt á nemendur var unnið, venju samkvæmt, á vorönn 2009. Verkefnið Hlýtt á kennara var unnið á vorönn 2009. Sviðsstjórar skiluðu inn samantekt úr skýrslum deilda í júní 2009. Útskriftarnemendur voru spurðir um menntun, aðstöðu, félagslíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform.

Aðferð við mat

Gerð var ein könnun sem tengdist sjálfsmati á haustönninni 2008. Hún sneri að kennaramatinu sem lagt var fyrir hópa á málasviðið um miðjan nóvember (Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005) (viðauki 1).

Á vorönninni var kennaramatið endurtekið fyrir þá áfanga á málasviði sem eingöngu voru kenndir á vorönn. Markmiðið með kennaramatinu var að kanna hversu vel kennsluáðferðir falla að þörfum nemenda. Spurt var um viðhorf nemenda til áfanga, námsefni, væntingar og markmið, notkun tímans og viðhorf til kennara (Arreola, R. A 1995; PISA 2002; PISA 2004; PISA 2007; Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005) (viðauki 1).

Verkefnið Endurmenntun og þjálfun starfsmanna var unnið á vorönninni 2009. Öllum kennurum skólans var boðið að svara fjölvalpurningum um endurmenntun og þjálfun starfsmanna. Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að meta stöðu endurmenntunar og þjálfunar starfsmanna skólans (Ómar H. Kristmundsson, 2007) (viðauki 2).

Forvarnaverkefnið var unnið með aðstoð <http://www.zoomerang.com> í vor. Meginmarkmiðið með því verkefni var að athuga stöðu atvinnumála meðal nemanda á sumrinu frammundan (viðauki 3).

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðstjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní 2008 (viðaukar 4, 5 og 6). Venju samkvæmt var reynt að fá upplýsingar um þróunar- og nýbreytnistarf innan skólans, samstarf innan deilda og samskipti við aðra, kennsluáætlanir, brottfall úr áföngum og próf (Lög um framhaldsskóla, 1996; Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005; Sjálfsmat skólaárið 2006 - 2007).

Verkefnið hlýtt á nemendur var lagt fyrir í apríl 2009 með sama hætti og undanfarin ár. Markmiðið með þessum verkefnum er að reyna að draga fram helstu styrkleika og veikleika skólans – hvar skólinn stendur vel og hvað má betur fara út frá

viðhorfum nemenda. Þetta árið var námsálag og mótuneyti skólans skoðað sérstaklega (viðauki 10).

Nemendur, sem ætluðu að útskrifast vorið 2008 voru spurðir um viðhorf sín til menntunar, aðstöðu til náms, félagslíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com> (viðauki 11).

Samkvæmt langtíma sjálfsmatsáætlun Flensborgarskólans í Hafnarfirði var lagt mat á gæði og þjónustu bókasafns skólans. Verkefnið er endurtekið með örlitlum breytingum frá sams konar verkefni og lagt var fyrir skólaárið 2002 – 2003 (Sjálfsmat skólaárið 2008 – 2009) (viðauki 12).

Samkvæmt skammtíma- sjálfsmatsáætlun Flensborgarskólans í Hafnarfirði var lagt mat á stöðu fjarnámsins innan skólans (Abel, 2005; Sjálfsmat skólaárið 2008 – 2009) (viðauki 13).

Verkefnið Hlýtt á kennara var lagt fyrir með svipuðum hætti og verkefnið Hlýtt á nemendur. Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að draga fram helstu styrkleika og veikleika skólans – hvar skólinn stendur vel og hvað má betur fara út frá viðhorfum kennara. Auk þess var reynt að draga fram mynd af stöðu við vinnu við nýja námskrá skólans (viðauki 13).

Aðferðin við matið byggðist á eftirfarandi þáttum:

Próun matstækja

Vali á þátttakendum

Gagnasöfnun

Greiningu gagna

Þróun matstækja

Við kennaramatið var stuðst við spurningar þróaðar af Arreola (1995), (McKeachie, 1999) (viðauki 1). Spurningalistinn stóð saman af fjölvalsspurningum og fjórum opnum spurningum. Sjálfsmatshópurinn valdi spurningar sem síðan voru þýddar yfir á íslensku samkvæmt leiðbeiningum Maxwell (1996a) og Mullis (1996). Spurningalistinn var forprófaður í einstaka nemendahópum. Tilgangurinn með forprófun var að kanna hvort spurningarnar svöruðu því sem leitað var eftir. Í öðru lagi kemur fram hvort þátttakendur skilja auðveldlega um hvað er verið að spyrja. Að síðustu segir forprófun til um hvort spurningarnar, sem lagðar eru fyrir nemendur, veiti þær upplýsingar sem leitað er eftir (Airasian, 2007, Whitley 1996; Creswell 2001).

Í mati á endurmenntun og þjálfun starfsmanna var spurt um stöðu til þeirra mála í nútíð, hvers konar endurmenntun komi sér vel fyrir viðkomandi starfsmann annars vegar og Flensborgarskólann hins vegar. Spurt var um hvatningu til endurmenntunar og þjálfunar, styrkveitingar og um nýtingu þeirra 80 stunda í endurmenntun og þjálfun utan starfstíma skóla sem kveðið er á um í kjarasamningi framhaldsskólakennara og ríkisins (Ómar H. Kristmundsson 2007).

Hið hefðbundna forvarnaverkefni fjallaði um stöðu atvinnumála hjá nemendum. Verkefnið var lagt fyrir rafrænt með aðstoð <http://www.zoomerang.com> vorið 2009 og spurt var um hvort nemendur reiknuðu með að fá sumarvinnu og hvort þeir ætluðu að sækja nám í sumarskóla (viðauki 3).

Við bókasafnskönnunina var byggt á sams konar verkefni og unnið var skólaárið 2002 – 2003. Fjölvalsspurningarnar voru unnar með aðstoð zoomerang.com og spurt var hversu oft þátttakendur notuðu bókasafnið, samanburð við lesaðstöðu á öðrum söfnum, tækjabúnað og þjónustu (Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003) (viðauki 12).

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðtjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní 2009 (viðaukar 4, 5 og 6). Venju samkvæmt var reynt að fá upplýsingar um þróunar- og nýbreytnistarf innan skólans, samstarf innan deilda og samskipti við aðra, kennsluáætlanir, brottfall úr áföngum og próf (Lög um framhaldsskóla 1996; Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005; Sjálfsmat skólaárið 2006 -

2007). Auk þess sem sviðsstjórar hafa sett inn liði sem þeim þykir viðeigandi fyrir sérhvert svið.

Eins og undanfarin ár var verkefnið Hlýtt á nemendur lagt fyrir í apríl- mánuði. Nemendur, sem ætluðu að útskrifast vorið 2007 voru spurðir um viðhorf sín til menntunar, aðstöðu til náms, félaglífs, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com>. Útskriftarnemendur fengu sendan rafpóst frá skólameistara sem í var krækja á vefsíðu. Á þessari vefsíðu voru nemendur beðnir um að svara fjölvalpurningum um ofangreinda þætti (Sjálfsmat skólaárið 2007 – 2008) (viðauki 10).

Svipaður háttur var hafður á við mat á fjarnáminu skólaárið 2008 – 2009. Fjölvalpurningar voru unnar með aðstoð [zoomerang.com](http://www.montereyinstitute.org/ocep/) og „The Online Course Evaluation Project (<http://www.montereyinstitute.org/ocep/>). Nemendur voru spurðir um viðhorf til námsins, metnað, kennara, námið, ávinning af því að stunda námið, kosti þess og galla (Abel, 2005) (viðauki 13).

Verkefnið Hlýtt á kennara var það síðasta sem lagt var fyrir í sjálfsmati skólaárið 2008 – 2009. Kennarar fengu opnar spurningar um hvað hefi gengið vel, hvað illa, atriði sem þvælst hafi fyrir mönnum, töflugurð, náms skipulag, sleppikerfi og annað, námskrárgerð, góðar hefðir og að síðustu önnur mál (Sjálfsmat skólaárið 2008 – 2009) (viðauki 14).

Val þáttakenda

Við kennara/áfangamatið svöruðu nemendur spurningunum hjá kennurum málasviðs (Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002 ; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005; Sjálfsmat skólaárið 2006 – 2007). Öllum kennurum var boðin þátttaka í verkefninu um Endurmenntun og þjálfun starfsmanna (Ómar H. Kristmundsson 2007). Öllum nemendum skólans var boðin þátttaka í forvarnaverkefninu (Sjálfsmat skólaárið, 2006 – 2007; Flanagan 1954; 1949; Fullan 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996b; McNiff 2001). Kennarar voru beðnir um að skrifa sjálfsmatsskýrslu fyrir hvern áfanga fyrir sig. Þeim skrifum var ætlað að liggja til grundvallar skýrslum deilda (Airasian 1997; Lög um framhaldsskóla 1996). Verkefnið Hlýtt á nemendur var lagt fyrir á vordögum 2008. Öllum nemendum skólans í fyrirfram ákveðnum stökki¹ var boðin þátttaka í verkefninu Hlýtt á nemendur. Öllum útskriftarnemum vorið 2008 var boðin þátttaka í verkefninu Útskriftarnemar vorið 2008. Öllum starfsmönnum skólans, og nemendum var boðin þátttaka í athugun á bókasafni skólans. Öllum fjarnámsnemendum var boðin þátttaka í mati á fjarnámi skólans og öllum kennurum var boðin þátttaka í verkefninu Hlýtt á kennara.

□

¹ Stokkur: eingöngu nemendur sem skráðir eru í tíma í þessum stokki tóku þátt í verkefninu Hlýtt á nemendur

Gagnasöfnun

Áfangamatskönnunin var lögð fyrir nemendur í annarri viku nóvembermánaðar árið 2008. Þessi könnun verður endurtekin fyrir þá áfanga sem einungis eru kenndir á vorönn 2009. Verkefnið unnið rafrænt í gegnum innra net skólans. (Creswell 2001; Sjálfsmat skólaárið 2001 - 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005; Sjálfsmatið skólaárið 2006 – 2007). Þeir kennarar, sem áhuga höfðu, gátu lagt matið fyrir alla sína áfanga bæði á haust- og vorönn og einn kennari nýtti sér það. (Framhaldsskólalög 1996; Fullan 1999; Iwanicki 2001; Iwanicki 1990; Marrow 1969; Maxwell 1996b; McKeachie 1999; McNiff 2001).

Þátttakendum í verkefninu um Endurmenntun og þjálfun starfsmanna voru sendar fjölvalpurningar í aprílmánuði með aðstoð zoomerang.com. Spurt var um nám, reynslu, endurmenntun, hvatningu til endurmenntunar og þjálfunar, væntingar um námskeið í náinni framtíð og hvar mögulegt sé að sækja um styrki og um nýtingu þeirra 80 stunda sem starfsmönnum er ætlað í endurmenntun og þjálfun á starftíma skóla. Gögnum um bókasafnið var safnað með svipuðum hætti en það verkefni var lagt fyrir í febrúar. Fjarnámsverkefnið var líka unnið með aðstoð zoomerang.com og var lagt fyrir í nóvember árið 2008. (Airasian, 2007, Flanagan 1949;1954; Fullan; 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996b; McNiff 2001; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005; Sjálfsmat skólaárið 2006 – 2007). Sjálfsmatsstjóri sá um flokkun ganga og skráningu. Forvarna/lífsstíls verkefnið var unnið á vorönn 2009. Þetta árið var reynt að leggja mat á atvinnuhorfur nemenda sumarið 2009. Verkefnið Hlýtt á nemendur var unnið á vordögum 2009. Aðstoðarskólameistari og skrifstofa skólans sá um söfnun gagna úr verkefninu Hlýtt á nemendur, og sjálfsmatsstjóri sáu um frekari úrvinnslu og samantekt í þessari skýrslu (viðauki 10). Öllum útskriftarnemum vorið 2009 var boðin þátttaka í verkefninu Útskriftarnemar vorið 2009. Verkefnið var lagt fyrir í rafrænu formi með aðstoð <http://www.zoomerang.com> í lok vorannar, 2008 (viðauki 11). Bókasafnskönnunin og fjarnámsverkefnið voru einnig lögð fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com> (viðaukar 12 og 13). Gögnum úr verkefninu Hlýtt á kennara var safnað saman með svipuðum hætti og úr verkefninu Hlýtt á nemendur (viðauki 14).

Sviðsstjórar sáu um vinnu við skýrslur deilda og var samantekt úr þeim skilað inn í júní 2009. Grunnurinn að skýrslum deilda er sóttur í Lög um framhaldsskóla frá árinu 1996 (viðaukar 4, 5 og 6).

Greining gagna

Eftir að söfnun gagna úr kennara/áfangamatinu lauk sá sjálfsmatsstjóri um að lesa gögnin, greina þau og búa til tíðnitöflur fyrir hverja spurningu. Skólameistari og sjálfsmatsstjóri sáu um frekari greiningu þessara gagna. Sjálfsmatsstjóri sá um flokkun og greiningu ganga úr verkefninu Endurmenntun og þjálfun starfsmanna, sem og orvarnarvekefninu (Nám og vinna). Sviðsstjórar lásu skýrslur deilda og unnu gagnlegar upplýsingar úr þeim. Sjálfsmatsstjóri skólans sá um skráningu gagna varðandi Hlýtt á nemendur en aðstoðarskólameistari flokkaði þau gögn frekar. Sjálfsmatsstjóri og aðstoðarskólameistari sáu um greiningu gagna úr verkefninu Hlýtt á kennara. Sjálfsmatsstjóri sá um greiningu gagna úr verkefninu Útskriftarnemar vorið 2009, bókasafnskönnuninni og mati á fjarnámi við skólann.

Útkoma

Í matsyfirliti þessarar skýrslu kemur fram útkoma úr lokuðu spurningunum í áfangamatinu. Hér aftur á móti verður aðeins fjallað um útkomu úr opnu spurningunum í áfangamatinu.

Opin spurning í áfangamatinu – Hvað líkaði þér best við þennan áfanga? Hér nefndu nemendur kennarann og námsefnið helst. Auk þess virðast nemendur sáttir með aðra þætti á málasviðinu.

Opin spurning í áfangamatinu – Hvað líkaði þér verst við þennan áfanga? Nemendur nefndu helst námsefni sem þátt sem þeim líkaði ekki vel. En stór hópur nemenda sagði að það væri ekkert sem þeim líkaði ekki við.

Opin spurning í áfangamatinu – Hvernig heldur þú að hægt sé að bæta þennan áfanga? Undir þessum lið bentu nemendur á að námsefnisvali væri ábótavant í ákveðnum fögum.

Opin spurning í áfangamatinu – Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram? Hér svöruðu flestir nemendur með því að segja nei.

Starfsmenn segja að menntun, reynsla og endurmenntun og þjálfun, sem þeir hafi fengið, nýtist vel í starfi. Hins vegar kemur fram að starfsmenn fái ekki endilega hvatningu frá yfirmönnum sínum eða öðrum til að sækja endurmenntun og þjálfun. Meirihluti þátttakenda segist fá tækifæri til að bæta við þekkingu sína með því að sækja námskeið. Um það bil 37% þátttakenda segist hafa góða aðstöðu til endurmenntunar og starfsþróunar. Flestir vilja fá endurmenntun og þjálfun er varðar þeirra eigin grein. Áhugi virðist líka fyrir endurmenntun og þjálfun í framsetningu á kennsluefni, hugbúnaði til kennslu og námsefnisgerð. Fyrir skólann taka þátttakendur fram að endurmenntun og þjálfun í námskrágerð, framsetningu á kennsluefni, hugbúnaði til kennslu, kennsluháttum og notkun námsnetsins komi sér best. Gögnin benda ekki til þess að auðvelt sé að leita til yfirmanna um ráðgjöf í starfi. Frekar virðist auðveldara að leita til samstarfsmanna um slíka ráðgjöf í starfi. Starfsmenn eru hvattir til þess að miðla þekkingu sinni meðal samstarfsmanna. Starfsmenn virðast ekki tilbúnir til að staðfesta að þeir hafi góða aðstöðu til að þroskast í starfi né að möguleiki á starfsframa sé góður eða að tími til samstarfs og þróunarvinnu sé góður. Meirihluti starfsmanna veit hvar mögulegt er að sækja styrki til endurmenntunar innanlands og utan. Hins vegar kemur

fram að færri vita af mögulegum styrkjum til endurmenntunar og þjálfunar erlendis en innanlands. Flestir starfsmenn nýta þær 80 stundir sem ætlaðar eru til endurmenntunar og þjálfunar utan hefðbundins skólatíma í að lesa fagtímarit, sækja námskeið á vegum fagfélags síns, sækja námskeið á vegum endurmenntunar HÍ, sækja formlegt heilstætt nám eða sækja námskeið á vegum annarra. Þegar spurt er um hversu ánægðir starfsmenn séu með endurmenntun og starfsþróun sem þeir fá innan skólans svarar 71% hvorki né.

Útkoman úr forvarnaverkefningu bendir til þess að 57% nemenda vinni með námi, og að 43% vinni meira en 10 stundir á viku. Einnig kemur fram að 80% nemenda reikna með að fá atvinnu sumarið 2009. Af þeim nemendum sem ekki vinna með náminu reikna 67% með að fá sumarvinnu.

Skýrslur deilda – Félagsgreinasvið. Vinna við nýja námskrá virðist vera komin ágætlega af stað innan deildarinnar. Kennarar í sögu segja að paravinna henti oft betur en hópvinna. Félagsfræðikennarar lýsa ánægju með nýuppgerða félagsfræðistofu. Kennari í frumkvöðlafræði mælir með að áfanganum verði skipt upp í tvo, þann fyrri sem fræðilegan undirbúning fyrir þann seinni þar sem nemendur stofna og reka eigið nemendafyrirtæki. Íþróttadeildin er að vinna að breytingum á fyrirkomulagi í bóklegum greinum þannig að fræðilegt efni verði ekki kennt í byrjunar áföngum.

Skýrslur deilda – Málasvið. Fram kemur vilji til að samræma námsmat betur innan deildarinnar. Samvinna milli kennara í sama fagi er mikilvæg og aðgerðir við ritstuldi þurfa að vera skýrari. Minnst er á að taka þurfi fyrir netsamband nemenda í kennslustofum. Léleg ástundun einstakra nemenda er áhyggjuefni. Tvöfaldi tíminn hentaði illa fyrir málasviðið og Inna býr yfir gamaldags aðgerðaferlum. Kennslustofur eru ágætari en vinnuástaða er ekki nægjanleg fyrir alla kennara deildarinnar.

Skýrslur deilda – Náttúrufræðasvið. Efnafræði, jarðfræði og líffræðikennarar lýsa yfir ánægju með kennslustofunum. Sú ákvörðun að velja nemendur á náttúrufræðibraut saman í hóp kemur vel út. Kennari í eðlisfræði hefur áhyggjur af falli í byrjunaráföngum og finnst að vinnumóráll nemenda þurfi að vera betri. Kennarar í líffræði leggja til að áfanginn LÍF 123 verði kenndur í fjarnámi. Tölvunotkun nemenda í kennslustofum er áhyggjuefni og er vilji fyrir því að loka fyrir netsamband nemenda í kennslustofum. Kennarar í stærðfræði vilja að nemendur hafi möguleika á að taka allar 33 einingarnar í

stærðfræði. Óánægja er með tvöfalda tíman en heimanámið virðist skila árangri. Kennarar í tölvugreinum þurfa að huga fljótlega að heildarendurskoðun á tilgangi og markmiðum í TÖL-áföngum.

Í verkefninu Hlýtt á nemendur kemur fram ánægja með námsframboð, og að námsbrautir eigi að taka mið af námi á háskólastigi. Nemendur eru ánægðir með að geta tekið kjörsvið af öðrum brautum. Nemendur lýsa ánægju sinni með kennsluhætti en þeir eru ekki hrifnir af tvöfaldri samliggjandi kennslustund. Nemendur vilja að fyrirlestrar og glærur verði aðgengilegar á innra neti skólans. Ekki er kvartað yfir kulda í matsalnum.

Viðhorf útskriftarnema til þeirrar menntunar sem þeir fá er gott. Aðstaða til náms er góð. Útskriftarnemar eru ekki tilbúnir til þess að taka sterka afstöðu til félagslífs en eru þó í heild ánægðir með veru sína í skólanum. Fimmtíu og átta prósent þátttakenda hyggja á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi, 29% þátttakenda hyggja ekki á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi og 12% hafa ekki ákveðið sig.

Í fjarnámsverkefninu kemur fram að nemendur eru ánægðir með þesslags nám. Nemendur eru metnaðargjarnir, mæla með fjarnámi við vini sína og eru tilbúnir í frekara nám í þessu formi. Auðvelt er að ná sambandi við kennara, kennarar hvetja nemendur áfram í náminu og útskýra námsefnið vel. Nemendur vita til hvers er ætlast af þeim og fá nægilegar upplýsingar um innihald áfanga og tæknileg atriði eins og lykilorð. Að síðustu finnst nemendum þeir hafi bætt sig námslega.

Yfir helmingur þátttakenda í bókasafnskönnuninni notar safnið tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði eða oftar. Þátttakendur, sem notað hafa önnur söfn, segja að lesaðstaðan hér sé svo til eins og annarsstaðar. Meirihluti þátttakenda er ánægður með þjónustu bókasafnsins og mun nota sé safnið eitthvað á næstu sex mánuðum.

Helstu atriðin í verkefninu Hlýtt á kennara eru að það gefur ekki góða raun að vera með tvo samliggjandi tíma í töflu. Einhvers konar sleppikerfi í námsmati virðist gefa góða raun og það má endurskoða stokkatöfluna. Þó nokkur undirbúningsvinna hefur verið lögð í gerð nýrrar námskrár.

Niðurstöður/Umræða

Áfangamatið var lagt fyrir á málsviði skólans í lok haustannar 2008 og endurtekið í lok vorannar fyrir þá áfanga sem ekki voru kenndir á haustönn. Útkoman bendir ekki til þess að þörf sé sérstakra aðgerða fyrir málsviðið. Fram kemur að nemendur fá reglulega vitnisburð um námslega stöðu sína. Leseefni áfanganna reynir á nemendur og þeir segja að þeir leggi sig fram við námið. Kennarar á málsviði eru sveigjanlegir. Frekar auðvelt er að skilja lesefni áfanganna og verkefni hjálpa nemendum að skilja námsefnið betur. Nemendur segja að námsefnið sé þeim ekki erfitt. Markmið áfanganna eru vel útskýrð og námsefnið fellur vel að markmiðum áfanganna. Kennarar nýta kennslustundirnar vel og auðvelt er að spyrja spurninga í tímum. Nauðsynlegt er að mæta í tíma til að ná góðum tókum á námsefninu en nemendur eru ekki alveg tilbúnir til að viðurkenna að þeir búi sig vel undir tíma. Kennarar fylgja kennsluáætlunum vel eftir, nemendur eru ánægðir með kennara og áfangarnir á málsviði eru góðir. Rétt er að benda á að nemendur telja að bæta megi val á námsefni í ákveðnum fögum.

Starfsmenn segja að menntun, reynsla, endurmenntun og þjálfun, sem þeir hafi fengið, nýtist vel í starfi. Hins vegar kemur fram að starfsmenn fái ekki endilega hvatningu frá yfirmönnum sínum eða öðrum til að sækja endurmenntun og þjálfun. Meirihluti þátttakenda segist fá tækifæri til að bæta við þekkingu sína með því að sækja námskeið. Um það bil 37% þátttakenda segjast hafa góða aðstöðu til endurmenntunar og starfsþróunar. Flestir vilja fá endurmenntun og þjálfun er varðar þeirra eigin grein. Áhugi virðist líka fyrir endurmenntun og þjálfun í framsetningu á kennsluefni, hugbúnaði til kennslu og námsefnisgerð. Fyrir skólann taka þátttakendur fram að endurmenntun og þjálfun í námskrárgerð, framsetningu á kennsluefni, hugbúnaði til kennslu, kennsluháttum og notkun námsnetsins komi sér best. Gögnin benda ekki til þess að auðvelt sé að leita til yfirmanna um ráðgjöf í starfi. Frekar virðist auðveldara að leita til samstarfsmanna um ráðgjöf í starfi. Starfsmenn eru hvattir til þess að miðla þekkingu sinni meðal samstarfsmanna. Starfsmenn virðast ekki tilbúnir til að staðfesta að þeir hafi góða aðstöðu til að þroskast í starfi né að möguleiki á starfsframa sé góður eða að tími til samstarfs og þróunarvinnu sé góður. Meirihluti starfsmanna veit hvar mögulegt er að sækja styrki til endurmenntunar innanlands og utan. Hins vegar kemur fram að færri vita

af mögulegum styrkjum til endurmenntunar og þjálfunar erlendis, en innanlands. Flestir starfsmennt nýta þær 80 stundir sem ætlaðar eru til endurmenntunar og þjálfunar utan hefðbundins skólatíma í að lesa fag tímarit, sækja námskeið á vegum fagfélags síns, sækja námskeið á vegum endurmenntunar HÍ, sækja formlegt heilstætt nám, eða sækja námskeið á vegum annarra. Þegar spurt er um hversu ánægðir starfsmenn séu með endurmenntun og starfsþróun sem þeir fá innan skólans svarar 71% hvorki né. Eftirtektarvert er að í spurningum sem varða að einhverju leyti stjórnun skólans virðast þátttakendur ekki tilbúnir til að taka afstöðu.

Útkoman úr forvarnaverkefninu bendir til þess að 57% nemenda vinni með námi, og að 43% vinni meira en 10 stundir á viku. Einnig kemur fram að 80% nemenda reikna með að fá atvinnu sumarið 2009. Af þeim nemendum, sem ekki vinna með náminu, reikna 67% með að fá sumarvinnu. Aðgangur að sumarvinnu er sennilega meiri en reiknað var með. Útkoman ber það líka með sér að ekki fari það margir nemendur í sumarskóla að verjandi sé að hefja slíka starfsemi í Flensborgarskólanum að svo komnu máli. Útkoman úr þessu verkefni var kynnt nemendaverndarráði skólans til umræðu og aðgerða.

Félagsgreinasviðið virðist vera komið vel af stað í vinnu við nýja námskrá. Kennarar í sögu segja að þarvinna henti oft betur en hópvinna sem er ágæt ábending til kennara í öðrum fögum. Félagsfræðikennarar lýsa ánægju með nýuppgerða félagsfræðistofu. Kennari í frumkvöðlafræði mælir með að áfanganum verði skipt upp í tvo, þann fyrri sem fræðilegan undirbúning fyrir þann seinni þar sem nemendur stofna og reka eigið nemendafyrirtæki. Íþróttadeildin er að vinna að breytingum á fyrirkomulagi í bóklegum greinum þannig að fræðilegt efni verði ekki kennt í byrjunar áföngum. Fram kemur vilji innan málasviðsins til að samræma námsmat betur innan deildarinnar. Samvinna milli kennara í sama fagi er mikilvæg og aðgerðir við ritstuldi þurfa að vera skýrari. Minnst er á að taka þurfi fyrir netsamband nemenda í kennslustofum. Léleg ástundun einstakra nemenda er áhyggjuefni á málasviði og að því er virðist á öllum námsbrautum skólans. Tvöfaldi tíminn hentaði illa fyrir málasviðið og Inna býr yfir gamaldags aðgerðaferlum. Kennslustofur eru ágætari en vinnuaðstaða er ekki nægjanleg fyrir alla kennara deildarinnar. Efnafræði, jarðfræði og líffræðikennarar lýsa yfir ánægju með kennslustofurnar. Sú ákvörðun að velja nemendur á náttúrufræðibraut

saman í hóp kemur vel út. Kennari í eðlisfræði hefur áhyggjur falli í byrjunaráföngum og finnst að vinnumóráll nemenda þurfi að vera betri. Kennarar í líffræði leggja til að áfanginn LÍF 123 verði kenndur í fjarnámi. Tölvunotkun nemenda í kennslustundum er áhyggjuefni og er vilji fyrir því að loka fyrir netsamband nemenda í kennslustofum. Kennarar í stærðfræði vilja að nemendur hafi möguleika á að taka allar 33 einingarnar í stærðfræði. Óánægja er með tvöfalda tímenn en heimanámið virðist skila árangri. Kennarar í tölvugreinum þurfa að huga fljótlega að heildarendurskoðun á tilgangi og markmiðum í TÖL-áföngum.

Í verkefninu Hlýtt á nemendur kemur fram ánægja með námsframboð og að námsbrautir eigi að taka mið af námi á háskólastigi. Nemendur eru ánægðir með að geta tekið kjörsvið af öðrum brautum. Nemendur lýsa ánægju sinni með kennsluhætti en þeir eru ekki hrifnir af tvöfaldri samliggjandi kennslustund. Nemendur vilja að fyrirlestrar og glærur verði aðgengilegar á innra neti skólans. Draga má þá ályktun að kennarar þurfi að vera duglegir við að setja námsefni og námsgögn, glærur og fyrirlestra í meiri mæli á innra net skólans. Ekki er kvartað yfir kulda í matsalnum.

Viðhorf útskriftarnema til þeirrar menntunar sem þeir fá er gott. Aðstaða til náms er góð. Útskriftarnemar eru ekki tilbúnir til þess að taka sterka afstöðu til félagslífs en eru þó í heild ánægðir með veru sína í skólanum. Fimmtíu og átta prósent þátttakenda hyggja á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi miðað við 47% vorið 2008, 29% þátttakenda hyggja ekki á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi. Mun færri eða 12% hafa ekki ákveðið hvort þeir ætla í háskólanám næsta haust miðað við 21% vorið 2008.

Í fjarnámsverkefninu kemur fram að nemendur eru ánægðir með þesslags nám. Nemendur eru metnaðargjarnir, mæla með fjarnámi við vini sína og eru tilbúnir í frekara nám á þessu formi. Auðvelt er að ná sambandi við kennara, kennarar hvetja nemendur áfram í náminu og útskýra námsefnið vel. Nemendur vita til hvers er ætlast af þeim, og fá nægilegar upplýsingar um innihald áfanga tæknileg atriði eins og lykilorð. Að síðustu finnst nemendum þeir hafa bætt sig námslega. Það er því miður að stjórnmal dagsins í dag ákveði að slíkt nám og samvinna milli skólastiga skuli víkja (www.mbl.is 11 júlí, 2009).

Yfir helmingur þátttakenda í bókasafnskönnuninni notar safnið tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði eða oftar. Þátttakendur, sem notað hafa önnur söfn, segja að

lesaðstaðan hér sé svo til eins og annars staðar. Meirihluti þátttakenda er ánægður með þjónustu bókasafnsins og mun nota sér safnið eitthvað á næstu sex mánuðum. Gert er ráð fyrir að bókasafnsfræðingur skólans nýti sér þessar upplýsingar að einhverju leuti.

Helstu atriðin í verkefninu Hlýtt á kennara eru að það gefur ekki góða raun að vera með tvo samliggjandi tíma í töflu. Einhvers konar sleppikerfi í námsmati virðist gefa góða raun, og að það megi endurskoða stokkatöfluna. Þó nokkur undirbúningsvinna hefur verið lögð í gerð nýrrar námskrár. Augljóst má vera að mikil vinna er frammundan við gerð nýrrar námskrár.

Lokaorð, umræða og ábendingar

Ákveðnir liðir virðast hafa öðlast fastan sess í sjálfsmati Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Skýrslur deilda eru teknar saman á hverju skólaári. Skólaárið 2008 – 2009 fór fram áfangamat fyrir málasvið skólans og skólaárið 2009 – 2010 fer fram áfangamat fyrir félagsgreinasvið skólans. Hlýtt á nemendur er verkefni sem lagt er fyrir á hverju vori. Útskriftarnemar skólans á vorönn hafa verið spurðir um menntun, aðstöðu til náms og félagslíf í skólanum. Auk verkefnisins Hlýtt á kennara var reynt að meta stöðu endurmenntunar og þjálfunar starfsmanna. Verkefni, sem snúa að forvörnum og lífsstíl nemenda, eru lögð fyrir á svo til hverju ári auk þess sem önnur sjálfsmatsverkefni eru lögð fyrir hagsmunaaðila skólans eftir því sem þurfa þykir og tækifæri gefast til. Hér má nefna verkefni sem sneri að námi og vinnu nemenda og verkefni um fjarnámið innan skólans.

Það er álit sjálfsmatsstjóra að vinna við mat á móttöku nýrra starfsmanna skólaárið 2008 - 2009 hafi gengið vel. Spurning er hvort ekki verði beitt svipaðri aðferðafræði við lausn svipaðra verkefna sem kunna að falla til á skólaárinu 2009 – 2010. Hér má t.d. nefna móttöku þeirra nemenda sem koma í skólann af landsbyggðinni. Í þessum verkefnum mætti reyna að draga fram hvað sé vel gert, hvað megi betur fara, hvernig við getum bætt okkur og annað það sem viðkomandi viðföng álíta að skipti máli og þurfi að koma fram.

Heimildir

- Abel, Rob. (2005). *Achieving Success in Internet Supported Learning in Higher Education: Illuminate Success Factors, Challenges, and Future Directions*. A-HEC. FL. USA.
- Airasian, P.W., Gullickson, A.R. (1997). *Teacher Self Evaluation-Tool Kit*. Corwin Press, Inc. Thousand Oaks, CA. USA.
- Airasian, P.W., Gay, L.R., Geoffrey, E. M. (2007) *Educational Research – Competencies for Analysis and Applications*. Prentice Hall. MJ.
- Angelo, T.A., & Cross, K.P. (1994). *Classroom Assessment Techniques: A Handbook for College Teachers*. Jossey-Bass. San Francisco. USA.
- Arreola, R.A. (1995). *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Anker Publishing Company. Bolton, MA. USA.
- Creswell, J.W. (2002). *Educational Research: Planning, Conducting, and Evaluating Quantitative and Qualitative Research*. Prentice Hall. N.Y.
- Denzin, N.K & Lincoln Y.S (Eds) (2000). *Handbook of qualitative Research*. Sage Publications, Inc., Thousand Oaks, CA. USA.
- Doran, H.C. (2004). Adding Value to Accountability. *Educational Leadership*. 61 (3), Nov. 55- 59.
- Flanagan, J.C. (1949). A New Approach to Evaluating Personnel. *Personnel*, 26, 35-42.
- Flanagan, J.C. (1954). The Critical Incident Technique. *Psychological Bulletin*, 51 (4), 327-358.
- Fullan, M. (1999). *Change Forces: The Sequel*. Falmer Press. Philadelphia, PA. USA.
- Guðmundur Á. Skarphéðinsson, Soffía Elísabet Pálsdóttir, Daníel Þór Ólason. (2008) Mat á tölvuleikjavanda: Prófræðilegir eiginleikar í úrtaki framhaldsskólanema og tengsl tölvuleikjavanda við tölvuleikjategundir. Óbirt grein.
- Iwanicki, E. (2001). *Focusing Teacher Evaluations on Student Learning*. Educational Leadership. Feb. 57-59.
- . (1990). "Teacher Evaluation for School Improvement." *The new handbook on teacher evaluation*. Newbury Park, CA: Sage. 159-171.
- <http://www.zoomerang.com>

Lög um framhaldsskóla frá 1996. Alþingi. Nr. 80. 11. júní.

Mbl.is, 11. júlí, 2009. *50% flatur niðurskurður*. Sótt í rafrænt gagnasafn Morgunblaðsins þann 30. ágúst. Mbl.is/Árvakur hf. 2009.

Marrow, A. J. (1969). *The Practical Theorist: The Life and Work of Kurt Lewine*. Basic Books, Inc., Publishers, New York, NY.

Maxwell, B (1996) (a). "Translation and Cultural Adaptation of the Survey Instruments" í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.

Maxwell, A. J. (1996) (b). *Qualitative Research Design: An Interactive Approach*. Sage Publications, Inc. Thousand Oaks, CA.

Mullis, I.V.S., Kelly, D.L., & Haley, K. (1996). "Translation Verification Procedures" í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.

McKeachie, W.J. (1999). *Teaching Tips: Strategies, Research, and Theory for College and University Teachers*. Houghton Mifflin Company. MA. USA.

McNiff, J, Pamela Lomax, and Jack Whitehead. (2001). *You and Your Action Research Project*. Routledge. London.

Ómar H. Kristmundsson. (2007). Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006, niðurstöður. Fjármálaráðuneytið.

PISA. (2002). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2000. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.oecd.org/dataoecd/44/32/33691620.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í upphafi árs 2002.

---. (2004). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2003. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/1/63/34002454.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í lok árs 2004.

---. (2007). *Science Competencies for Tomorrow's World. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/15/13/39725224.pdf>. Sótt á veraldarvefninn vorið 2009.

Unnar Örn Þorsteinsson. Sjálfsmat skólaárið 2001-2002. (2002). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2001-2002.

---. Sjálfsmat skólaárið 2002-2003. (2003). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2002-2003.

---. Sjálfsmat skólaárið 2003-2004. (2004). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2003-2004.

---. Sjálfsmat skólaárið 2004-2005. (2005). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2004-2005.

---. Sjálfsmat skólaárið 2005-2006. (2006). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2005-2006.

---. Sjálfsmat skólaárið 2006-2007. (2007). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2006-2007.

---. Sjálfsmat skólaárið 2007-2008. (2008). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2006-2007.

Whitley, Bernard E, JR. (1995). *Principles of Research In Behavioral Science*. Mayfield Publishing Company. Mountain View, CA. USA.